

Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 25. mars 2014 kl. 15:00-16:45 í Nýja Garði

Mætt voru: Anna Agnarsdóttir (SAGN), Arnfríður Guðmundsdóttir (GUÐ), Auður Hauksdóttir (SVF), Ármann Jakobsson (B&L), Ástráður Eysteinnsson (sem stjórnaði fundi), Gunnar Harðarson (HEIM), Höskuldur Þráinsson (MVS), Kolfína Jónatansdóttir (DOKT), Sólveig Anna Bóasdóttir (RIKK), Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð) og Margrét Guðmundsdóttir. Irma Erlingsdóttir (EDDA) og Vilhjálmur Árnason (SIÐ) boðuðu forföll.

Fundargerð

1. *Fundargerðir síðustu funda*: Samþykktar.

2. *Reglur Rannsóknasjóðs*: ESS kynnti tillögu um að rýmka reglur um styrki til málfarsaðstoðar þannig að birting í öllum ritrýndum tímaritum (og sambærilegum greinasöfnum) komi til greina, þ.e. ef að birting gefur að lágmarki 10 stig. Samþykkt. Eins var samþykkt að færa umsóknafrest í sjóðinn til 8. apríl.

3. *Stefna sviðsins í rannsóknnum - eftirfylgni*: ESS dreifði yfirliti yfir 10 atriði sem stefnan í rannsóknnum og doktorsnámi byggir á og gerði grein fyrir málinu. Í umræðum var m.a. rætt hvort doktorsnemar eigi ekki sjálfkrafa að verða meðlimir að viðeigandi rannsóknastofnun á sviðinu og fá upplýsingar um starfsemina og boð á fundi.

4. *Vísindanefnd HÍ*: ÁJ sagði frá umræðum í vísindanefnd um að breyta úthlutunarreglum þannig að meiri áhersla verði lögð á áhrif rannsókna (e. impact) og hvernig hægt er að meta áhrif í hugvísindum. Í þessu samhengi er mikilvægt að skoða Google Scholar skráningar starfsmanna sviðsins. ÁJ gerði líka grein fyrir vinnunni við úthlutun styrkja til doktorsnema sem liggur vonandi fyrir um miðjan apríl.

5. *Hugvísindaping 2014*: Almenn umræða um hvernig tókst til. Almenn ánægja en meðal umræðuefna voru: a) er of mikið endurtekið efni á þingum milli ára? b) er hægt að gera eitthvað til að fá fleiri nemendur til að mæta (t.d. að þátttaka þeirra verði metin sem hluti af vinnu í námskeiðum)? c) er of mikið að gerast í einu? d) væri ráð að hafa þema á þinginu sem má t.d. nota í kynningum? Ákveðið var að skoða möguleikann á að hafa þema á næsta þingi í bland við opna dagskrá.

6. *Ársfundur Hugvísindastofnunar*: ÁE sagði frá því að næsta sviðsþing verði haldið haustið 2014 og lagði til að ársfundur Hugvísindastofnunar verði haldið á sama tíma. Samþykkt. Undir þessum lið voru greiðslur til stjórna rannsóknastofnana ræddar. Sumar stofnanir greiða þóknun en flestar greiða enga þóknun. Samkomulag var um mikilvægi þess að samræma þetta milli stofnana. Málið snertir líka hvort og hvernig eigi að greiða þóknun fyrir setu í stjórn Hugvísindastofnunar. Málið verður áfram á dagskrá.

4. *Önnur mál*: Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 16:45